

# Skýrsla GDLH fyrir starfsárið 2019

## Upphaf starfsárs og úthlutun ábyrgðastarfa

Aðalfundur var haldinn 18.10. 2018 í húsakynnum ÍSÍ.

Miklar breytingar urðu á stjórn að þessu sinni þar sem formaðurinn, Magnús Sigurjónsson gaf ekki kost á sér áfram. Einnig gáfu Gísli Guðjónsson, Ingibergur Arnason, Helga Claessen og Stefán Ágústsson ekki kost á sér áfram.

## Stjórn GDLH 2018 2019 er þannig skipuð

Erlendur Árnason Formaður  
Jón Þorberg Steindórsson Varaformaður  
Ágúst Hafsteinsson Gjaldkeri  
Ólafur Árnason Ritari  
Sigurður Sigurðarson Meðstjórnandi

Varastjórn: Darri Gunnarsson og Jóhann G. Jóhannesson

Varastjórn vinnur með stjórn sem fullgildir stjórnarmenn.

Á fyrsta formlega fundi nýrrar stjórnar var skipað í embætti innan stjórnarinnar  
Og einnig var skipað í fræðslunefnd, í henni sitja:

Valdimar Ólafsson Formaður  
Gísli Guðjónsson,  
Marjolijn Tiepen  
Sindri Sigurðsson  
Stefán Ágústsson  
Valur Valsson

## Fundir Stjórnar

Á starfsárinu voru haldnir 9 formlegir stjórnarfundir, auk fjölda starfsfunda  
Fræðslunefndar. Einnig voru símafundir og Facebook umræðuhópur mikið notaðir.

## Fræðslustarf félagsins

Nóvember 2018 var haldið nýdómaranámskeið í Þýskalandi þar sem 8 nýdómarar voru útskrifaðir.

Í janúar 2019 var haldið upprifjunarnámskeið í Sviðþjóð og upprifjun og nýdómaranámskeið í Danmörku þar sem 10 nýdómarar voru útskrifaðir.

Upprifjunarnámskeið á Íslandi í húsakynnum ÍSÍ og tveimum vikum seinna á Hólum í Hjaltadal var haldin í mars 2019.

Í maí 2019 útskrifuðust 2 Landsdómarar og 6 nýdómarar á Lands- og nýdómaranámskeið sem var haldin hér á landi.

Fræðslunámskeið fyrir starfandi dómara í Danmörku var haldið í október 2019.

## Úthlutun dómara á mót innanlands

Sá háttur hefur verið hafður á undanfarin ár að stjórn hefur raðað niður dómurum á mótin en þetta er mikil vinna og tilfærslu og spurning um hvort hægt væri að gera þetta öðruvisi. Reynd er að gæta þess að allir fáir einhver mót en aðeins virkum dómurum sem staðist hafa upprifjunarnámskeið er heimilt að dæma.

## Mót

Fjórðungsmót var haldið í Hornafirði þar sem 5 Landsdómarar dæmdu. Skráning var sæmileg en andrúmsloftið skemmtileg og hrossin góð.

GDLH stóð fyrir nýbreytni á árinu.

Við settum af stað gæðingamót innanhús í mars og apríl í Spretti og í mars á Sauðárkróki. Ánægja var hjá knöpum og starfsfólki sem að þessari tilraun kom og mikill áhugi að okkar hálfu að koma þessu keppnisformi á til framtíðar.

2. Gæðingamót Íslands var haldið á Helli í ágúst. Frekar fáir keppendur skráðu sig til leiks en gæðin þeim mun meiri. Mjög vel tókst til með þetta verkefni og var hestakostur frábær.

Það er eindregin stefna stjórnar GDLH að þetta mót sé komið til að vera. Við leitum eftir liðstyrk frá LH til beggja þessara verkefna, en þaðan kom því miður litill áhugi.

Gæðingakeppni, fjöregg LH á undir högg að sækja og það er áhyggjuefni hvað stjórn LH sýnir litin áhuga.

Formaður GDLH  
Erlendur Árnason

